

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Heiðar Baldursdóttur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Heiðar Baldursdóttur og er stofnaður af fjölskyldu Heiðar Baldursdóttur, sérkennara og rithöfundar, til minningar um hana.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 500 000,00, auk framlaga, gjafa og tekna af sölu minningarkorta á fyrsta starfsári sjóðsins, og skal það haldast óskert. Sjóðinn skal ávaxta hjá verðbréfafyrirtæki sem skráð er á Verðbréfafingri Íslands. Á minnst þriggja ára fresti skal sjóðsstjórn endurskoða hvernig ávöxtun sjóðsins er borgið á sem öruggastan og hagkvæmestan hátt.

3. gr.

Tekjur sjóðsins skulu vera:

- a. Vextir og arður af eignum sjóðsins.
- b. Minningargjafir með útgáfu minningarkorta.
- c. Framlög og gjafir sem sjóðnum berast.
- d. Aðrar tekjur.

4. gr.

Markmið sjóðsins er að styrkja rannsóknir á sviði sérkennslu, blöndunar fatlaðra og ófatlaðra barna, og boðskipta.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrjú menn. Einn stjórnarmaður er tilnefndur af Kennaraháskóla Íslands, ásamt einum til vara. Einn stjórnarmaður er tilnefndur af Kennarasambandi Íslands, ásamt einum til vara. Einn stjórnarmaður er tilnefndur af Landssamtökunum Þroskahjálpi, ásamt einum til vara. Tilnefningar gilda til tveggja ára í senn. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Gjaldkeri sjóðsins hefur á hendi umsjón með vörslu sjóðsins.

6. gr.

Stjórn sjóðsins auglýsir eftir umsóknum um framlög úr sjóðnum á hverju vori. Hún metur framlag til umsækjenda, eins eða fleiri, í samræmi við markmið sjóðsins. Úthlutun skal fara fram 31. maí ár hvert.

7. gr.

Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið. Reikningar skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda.

8. gr.

Breytingar á skipulagsskrá sjóðsins má gera sé einfaldur meirihluti sjóðsstjórnar því fylgjandi.

9. gr.

Berist engin umsókn í sjóðinn í þrjú ár í röð, þrátt fyrir að auglýst hafi verið eftir þeim, eða að sjóðsstjórn er einróma samþykkt því að leggja sjóðinn niður, skal sjóðurinn lagður niður og eignir hans afhentar Bókasafni Kennaraháskóla Íslands til kaupa á rannsóknaritum sem tengjast markmiðum sjóðsins. Rit sem keypt eru með framlagi úr sjóðnum skulu merkt svo: Gjöf úr Minningarsjóði Heiðar Baldursdóttur.

10. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari, sbr. lög nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 6. júlí 1993.

F. h. r.
Jón Thors.

Margrét Hauksdóttir.

AUGLÝSING**um umferð í Vestmannaeyjabæ.**

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Vestmannaeyjabæjar og samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, eru hér með settar eftirfarandi reglur um bifreiðastöður í Vestmannaeyjabæ:

Í íbúðarhverfum og við fjölfarnar umferðargötur er bannað að leggja stórum vinnuvélum, vörubifreiðum, sendiferðabifreiðum og fólksflutningabifreiðum sem eru 3,5 tonn að eigin þyngd eða þyngri. Eigendum og umráðamönnum þessara ökutækja ber að nota sérstaklega merkt stæði, sem ætluð eru þessum ökutækjum eða fara að öðru leyti eftir fyrirmælum lögreglunnar um geymslu þeirra. Óheimilt er að geyma fylgihluti ökutækja á þessum sérstaklega afmörkuðu svæðum.

Ákvæði þessarar auglýsingar taka gildi 1. ágúst 1993.

Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum, 5. júlí 1993.

Georg Kr. Lárusson.